

ÁRSSKÝRSLA 2024

AMNESTY
INTERNATIONAL



AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega tíu milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsóknna frá ríkisstjórnnum eða stjórnmalaflokkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórnmalastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisu. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og háttarni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.



TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Allt starf Amnesty International er
fjármagnað og drifið áfram af
einstaklingum eins og þér!

Íslandsdeild Amnesty International

EFNISYFIRLIT

Amnesty International stendur vörð um mannréttindi, réttlæti, frelsi og reisu	2
Mikilvægi mannréttinda	4
Fólkið á bak við starfið	5
50 ára afmæli Íslandsdeildar Amnesty International	6
Verkefni deildarinnar 2024	8
Hópmorð Ísraels á Palestínubúum	9
Mannréttindafræðsla, aðgerðastarf og ungliðahreyfingin	10
Þitt nafn bjargar lífi	11
Yfirlýsingar, fjölmiðlar og samskipti	12
Þrýstingur á stjórnvöld	13
Fjáröflun	14
Helstu tekjur og gjöld	14
Myndir úr starfinu	15

MIKILVÆGI MANNRÉTTINDA

Enn eitt ár er að baki hjá Íslandsdeild Amnesty International. Að mörgu leyti var árið þungt hvað viðkemur mannréttindum og má þar nefna áframhaldandi stríð í Úkraínu og árásir Ísraels á Palestínubúa á Gaza sem hafa leitt til dauða ótal óbreyttra borgara, að mestum hluta konur og börn. Þó gefur vopnahlé, sem var komið á þegar þessi orð eru skrifuð, von um breytt ástand.

Áhrif slíkra hörmunga verða enn raunverulegri með stöðugum fréttáflutningi og myndefni á samfélagsmiðlum. Það minnir okkur á að við getum ekki litið undan. Við sjáum þetta allt en engu að síður heldur ástandið áfram. Í miðri örvæntingu verðum við þó einnig að muna eftir þeim mannréttindasigrum sem unnist hafa. Við þökkum þeim sem hafa mótmælt óréttlæti, jafnvel lagt líf sitt undir, og öllum þeim sem hafa sýnt stuðning með undirskriftum, mótmælum og öðrum aðgerðum.

Á árinu sótti ég, ásamt varaformanni deildarinnar, Alberti Birni Lúðvígssyni, og Önnu Lúðvíksdóttur framkvæmdastjóra heimsþing Amnesty International í Bangkok í Tailandi. Á þinginu voru stíf fundahöld og kosið um mikilvægar tillögur er varða mannréttindi og stjórnarhætti hreyfingarinnar. Upp úr stóðu þó frásagnir félaga, baráttufólks, frá öðrum löndum þar sem aðstæður eru oft gjörólíkar þeim sem við þekkjum á Íslandi.

Öflug kona frá Mexíkó hélt áhrifa-



Eva Einarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Amnesty International

mikið erindi um hvernig hún leitar dag hvern að fólki sem hverfur oft en ekki af völdum glæpagengja. Á árinu 2023 var tilkynnt um tæplega 30 þúsund einstaklinga sem var saknað en talið er að fjöldinn sé í raun mun meiri. Ef fólkíð finnst, þá eru líkinn oft illa leikin og sundurlimuð. Glæpasamtök eru ríkjandi í landinu og yfirvöld aðhafast lítið sem ekkert til að finna þessa horfna einstaklinga. Frásögnin tók virkilega á og var góð áminning um að fyrir mörg er mannréttindabarátta ekki aðeins spurning um réttlæti heldur lífsspursmál þar sem fólk leggur líf sitt í hættu.

Árið markaði einnig tímamót þar sem Íslandsdeild Amnesty International

fagnaði 50 ára afmæli. Þessi merki áfangi var haldinn hátíðlegur með fjölbreyttum viðburðum. Agnès Callamard, aðalframkvæmdastjóri Amnesty International og virtur mannréttindafrömuður, flutti áhrifamikið erindi á málþingi í tilefni af afmælinu, um grafalvarlega stöðu mála í heiminum. Hún vísaði í nýja skýrslu sem sýnir að mikið bakslag er í lýðræðisþróun í heiminum og er hún nú á sama stað og árið 1986. Þetta er áhyggjuefni en Agnès minnti á mikilvægi seiglu og stöðugar baráttu. Það var dýrmætt og hvetjandi að eiga góð og djúp samtöl við konu eins og hana, sem hefur helgað sig mannréttindum.

Lesið má frekar um hátíðahöldin á blaðsíðu 6–7 í skýrslunni.

Á alþjóðlegum degi mannréttinda, 10. desember, frumsýndum við heimildarmyndina Vonarljós í Bíó Paradís. Fólk mætti snemma og skrifaði á kort fyrir herferðina Þitt líf bjargar lífi. Það var hlýleg stemning að sjá gamla og nýja félaga sitja við kertaljós við skrifrit. Og kannski spurning að endurnýja gamlar hefðir og hittast meira.

Við lítum til baka á krefjandi ár en einnig ár fyllt von og baráttuanda. Og höldum ótrauð áfram í þeirri fullvissu að saman getum við haft áhrif og breytt heiminum til hins betra.

Eva Einarsdóttir
formaður Íslandsdeildar
Amnesty International



ANDORRA

Vanessa Mendoza Cortes, baráttukona fyrir mannréttindum, var loks sýknuð. Hún var dregin fyrir dómstóla vegna þess að hún talaði gegn algjöru þungunarrofsbanni í Andorra. Mál hennar var tekið upp í SMS-aðgerðaneti Íslandsdeildar. „Ég vil persónulega þakka þeim rúmlega 70 þúsund einstaklingum sem gripu til aðgerða til stuðnings máli mínu og þrýstu á yfirvöld í Andorra. Þið eigið þátt í þessum sameiginlega og friðsamlega sigri.“



RÚSSLAND

Aleksandra Skochilenko er listakona sem var handtekin í apríl 2022 fyrir að gagnrýna stríðið í Úkraínu. Hún fékk frelsi á ný í ágúst í sögulegum fangaskiptum í kjölfar mikils þrýstings. Mál hennar var í Rússlandsherferð um tjáningarfrelsið á árinu. „Ég vil lýsa yfir gífurlegu þakklæti til Amnesty International. Það er erfitt að koma orðum að þakklæti mínu því að að stórum hluta er það ykkur að þakka að ég er hér.“

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFIÐ

Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum landsdeildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í um 70 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sjö í stjórn og eru sjö stöðugildi á skrifstofu deildarinnar allt árið um kring.



STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2024–2025

Formaður
Eva Einarsdóttir

Varaformaður
Albert Björn Lúðvígsson

Ritari/varamaður
G. Pétur Matthíasson

Gjaldkeri
Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

Meðstjórnendur
Harpa Pétursdóttir
Helena Hafsteinsdóttir

Varamaður
Donika Kolica



UNGLIÐAR

Fyrirkomulag ungliðahreyfingarinnar breyttist í ár og var stjórnin lögð niður. Nýtt norrænt ungliðaráð var stofnað þar sem Íslandsdeildin hefur tvo fulltrúa. Með þeim fóru þrjú ungliðar til Svíþjóðar og tóku þátt í mannréttindasmiðju: Askur Hrafn Hannesson, fulltrúi í norræna ungliðaráðinu, Edda Sól Arthursdóttir, fulltrúi í norræna ungliðaráðinu, Cynthia Anne Namugambe ungliði, Ebba Magnúsdóttir ungliði, Esjar Eiríkur Didziokas ungliði.

STARFSFÓLK ÁRSINS 2023

Framkvæmdastjóri:
Anna Lúðvíksdóttir

Fræðslustjóri:
Vala Ósk Friðudóttir, lét af störfum í maí

Fræðslustjóri:
Emma Ósk Ragnarsdóttir, hóf störf í ágúst og lét af störfum í desember

Herferðastjóri:
Bryndís Bjarnadóttir, fór í leyfi í lok apríl

Lögfræðingur:
Þórunn Pálína Jónsdóttir

Rekstrarfulltrúi:
Anna Dóra Valsdóttir

Ungliða- og aðgerðastjóri:
Árni Kristjánsson

Verkefnastjóri og fjáröflunarstjóri:
Rúna Friðriksdóttir

Bókhald:
Debet – endurskoðun og reikningsskil

FÉLAGAR OG AÐGERÐASINNAR ÁRIÐ 2024

Árleg Vonarljós

399

Netákalls-félagar

19.991

Mánaðarleg Vonarljós

8.545

SMS-félagar

4.633



50 ÁRA AFMÆLI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL

Þann 15. september 2024 fagnaði Íslandsdeild Amnesty International 50 ára starfsafmæli sínu. Til að halda upp á þennan áfanga voru haldnir þrjú viðburðir sjálfa afmælishelgina.

Fyrst ber að nefna hádegismálþing í Norræna húsinu á föstudeginum. Mikilvægi mannréttinda var yfirskrift málfingsins. Staðsetningin var engin tilviljun en Norræna húsið var valið þar sem stofnfundur deildarinnar var haldinn þar 50 árum fyrr. Agnès Callamard, aðalframkvæmdastjóri Amnesty International, var sérstakur gestur málfingsins. Katrín Oddsdóttir, mannréttindalögfræðingur og aðgerðasinni, hélt erindi um nauðsyn mannréttindabaráttunnar enda hefur hún víðtæka reynslu bæði af réttindabaráttu og sem lögfræðingur. Kári Hólmar Ragnarsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um alþjóðakerfið og framtíð þess út frá lagalegu sjónarmiði.

Á laugardeginum 14. september var stuðningsaðgerð og mannréttindajóga á Austurvelli fyrir Manahel al-Otaibi, líkamsræktarkennara og baráttukonu fyrir kvenréttindum sem dæmd var í 11 ára fangelsi í Sádi-Arabíu fyrir að styðja réttindi kvenna og birta mynd af sér í klæðnaði sem stjórnvöldum þótti ekki viðeigandi. Eva Einarsdóttir formaður Íslandsdeildarinnar leiddi mannréttindajógað í blíðskaparveðri.

AFMÆLISDAGURINN 15. SEPTEMBER

Á sjálfan afmælisdaginn, sunnudaginn 15. september, hófst gleðin með skrudgöngu frá Hallgrímskirkju. Brassveit undir stjórn Hauks Gröndals leiddi gönguna með skemmtilegri sveiflu og hélt uppi góðri stemningu. Síðasti spölurinn í göngunni var Vonarstræti, sem átti vel við þar sem kertið í merki okkar táknar vonarljós fyrir þolendur mannréttindabrota. Gangan endaði í lðnó þar sem slegið var upp veislu. Í boði voru léttar veitingar og skemmtidagskrá. Stemningin var góð og skemmti fólk sér vel. Á svæðinu voru mörg kunnugleg andlit sem hafa komið að starfi deildarinnar í gegnum árin ásamt nýju fólki.

Björk Guðmundsdóttir, leikkona og grínisti, var kynnir og skemmti gestum og kitlaði hláturtaugarnar með glenski og gríni. Ævar Kjartansson hélt ávarp þar sem hann horfði til fortíðar í starfi deildarinnar enda hefur hann lengi tengst starfi hennar og sat um tíma í stjórn. Eva Einarsdóttir formaður Íslandsdeildarinnar sagði einnig nokkur orð um deildina í dag og horfði til framtíðar. Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri Íslandsdeildarinnar heiðraði forvera sinn, Jóhönnu K. Eyjólfssdóttur, sem stýrði deildinni af festu í um tvo áratugi. Karlaórin Bartónar var með tónlistaratriði og hljómveitin



Það var margt um manninn í lónó og glæsilegar veitingar.



Fyrirlesarar málfingsins sátu fyrir svörum.



Mannréttindajóga stýrt af formanni deildarinnar, Evu Einarsdóttur.

Los Bomboneros hélt uppi fjöri undir lokin með suður-amerískri tónlist.

Íslandsdeild Amnesty International þakkar kærlega fyrir sig og vill sérstaklega þakka öllu því fólki sem hefur stutt deildina með einum eða öðrum hætti og tekið þátt í mannréttinda-baráttunni.

HEIMILDARMYND

Deildin vann að gerð heimildarmyndarinnar Vonarljós í tilefni af afmælinu. Vonarljós veitir innsýn í starf Íslandsdeildarinnar og mikilvægi þess í ljósi sögulegra atburða hvers tíma á þeim fimm áratugum sem deildin hefur verið starfrækt. Myndin var unnin í samstarfi við Krumma films sem hefur sérhæft sig í heimildarmyndagerð og beint sjónum að ýmiss konar mannréttindamálum í verkum sínum auk þess að hafa unnið til fjölda verðlauna. Samstarfið hófst sumarið 2023 og var fljótt hafist handa við að finna gamalt myndefni og taka upp nýtt efni og viðtöl til að hafa í myndinni.

Myndin Vonarljós var frumsýnd 10. desember í Bíó Paradís á alþjóðlega mannréttindadeginum. Íslandsdeildin bauð upp á notalega stemningu áður en sýning hófst þar sem Margrét Arnardóttir flutti ljúfa harmonikkutóna og var gestum boðið að skrifa stuðningskveðjur til þolenda mannréttindabrota í tengslum við herferðina Þitt nafn bjargar lífi. Gestir nýttu tækifærið og voru margir pennar á lofti til að veita þolendum styrk á erfiðum tímum.

Deildinni barst óvæntur liðsauki frá Sigríði Guðjónsdóttur sem skreytti Bíó Paradís með 1.000 handgerðum origami-fuglum og færði Íslandsdeild Amnesty International þá að gjöf. Hún útskýrði fyrir gestum að origami-fuglinn er álitinn friðartákn, sem var sérstaklega viðeigandi þar sem þennan sama dag hlutu japönsku samtökin Nihon Hidankyo friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu sína fyrir kjarnorkulausum heimi. Deildin þakkar Sigríði kærlega fyrir þessa skemmtilegu viðbót á viðburðinum.



Jóhanna K. Eyjólfsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri deildarinnar tekur á móti heiðursverðlaunum.



Frumnýning á heimildarmyndinni Vonarljós í Bíó Paradís 10. desember.

Frumnýningin var vel sótt og ánægjulegt hve mörg kunnugleg andlit mátti sjá. Myndin var svo sýnd í Ríkissjónvarpinu síðar um kvöldið. Einnig bauðst að horfa á hana í Sarpinum hjá RÚV fram til vorsins 2025.

Íslandsdeild Amnesty International þakkar Krumma films og öllum þeim sem komu að gerð myndarinnar fyrir ánægjulegt samstarf.

VERKEFNI DEILDARINNAR 2024

EINANGRUNARVIST FANGA

Frá útgáfu skýrslunnar „*Waking up to nothing: Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland*“ í janúar 2023, um beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi hér á landi, hefur Íslandsdeildin þrýst á yfirvöld um að uppfylla kröfur Amnesty International.

Í júlí fundaði deildin með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins og öðrum hagaðilum í aðdraganda greiningar dómsmálaráðuneytisins á stöðu fullnustumála á Íslandi og helstu áskorunum í málaflokknum. Ráðuneytið hefur gefið út að gerð verði stöðumats- og valkostagreining í heildstæðri stefnumótun í þessum málaflokki og stefnt sé að útgáfu grænbókar. Íslandsdeildin sendi, í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, umsögn með tilmælum til stjórnvalda er varðar einangrunarvist í gæsluvarðhaldi. Íslandsdeildin fylgist með stöðu mála og heldur þrýstingnum áfram.

BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Vinna við verkefnið Bakhjarlar flóttafólks (e. Community sponsorship), sem unnið hefur verið að undanfarin ár, hélt áfram á árinu. Kjarni hugmyndarinnar að baki verkefninu er að almennir borgarar, hópar, sveitarfélög eða samtök á Íslandi geti gerst bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins að fyrirmynd annarra landa þar sem slíkt fyrirkomulag hefur gefið góða raun. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna styður að fleiri lönd bjóði upp á þessa leið. Í mars 2024 hélt verkefnastjóri verkefnisins hjá Íslandsdeildinni til Stokkhólms til að taka þátt í og halda erindi sem fulltrúi Íslands á rafrænni ráðstefnu um Bakhjarla flóttafólks á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið var að stofna vinnuhóp norrænna fulltrúa ráðstefnunnar og fulltrúa Flóttamannastofnunar til að stuðla að framgangi hugmyndafræðinnar á Norðurlöndum.



Vinna hópsins hófst í kjölfarið með reglubundnum rafrænum samráðsfundum. Íslandsdeildin sendi vinnuhópi félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytis, sem vinnur að heildarstefnu um málefni innflytjenda og flóttafólks, boð um kynningu á hugmyndafræði bakhjarlanna eftir hvatningu ráðherra þar um. Þrátt fyrir jákvæðar móttökur hjá vinnuhópnum varð ekki af slíkri kynningu á árinu.

TJÁNINGARFRELSIÐ

Á árinu lagði Íslandsdeildin áherslu á Rússland og Sádi-Arabíu. Frá mars til júní var vakin athygli á stöðu tjáningarfrelsisins í Rússlandi. Safnað var undirskriftum fyrir fjögur mál ásamt því að fréttatilkynning og samfélagsmiðlaefni var birt. Deildin gerði myndband af þremur rússneskum einstaklingum

búsettum á Íslandi sem tjáðu sig um ástandið í heimalandinu. Á alþjóðadegi fjölmiðlafrelsis þann 3. maí var opin sýning í Bíó Paradís á heimildarmyndinni Soviet Barbara sem veitir innsýn í stöðu tjáningarfrelsisins í Rússlandi. Listamaðurinn Ragnar Kjartansson, Masha Alyokhina og Diana Burkot í rússneska listahópnum Pussy Riot, Gaukur Úlfarsson leikstjóri og Guðni Tómasson framleiðandi kynntu myndina og svöruðu spurningum. Mannréttindasmiðja ungliða í júní tengdist einnig herferðinni.

Herferðin um Sádi-Arabíu hófst í júní. Safnað var undirskriftum fyrir fjögur mál og birt fréttatilkynning og samfélagsmiðlaefni. Í báðum herferðum voru auglýsingar á Facebook til að hvetja fólk til að skrifa undir mál í tengslum við herferðirnar.



HÓPMORÐ ÍSRAELS Á PALESTÍNUBÚUM

Eyðileggingin í Khan Yunis.

© Jehad Alshrafi/Anadolu via Getty Images

Í byrjun desember 2024 kom út tíma-
mótaskýrslan „*YOU FEEL LIKE YOU
ARE SUBHUMAN: Israel's genocide
against Palestinians in Gaza*“. Skýrslan
sýnir að Ísrael hefur framið verknaði
sem eru bannaðir samkvæmt sáttmála
um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir
hópmorð í þeim tilgangi að útrýma
Palestínubúum á Gaza. Þessir verknaðir
fela meðal annars í sér að drepa
Palestínubúa á Gaza, valda þeim alvar-
legum líkamlegum eða andlegum skaða
og þröngva þá til þess að búa við lífs-
skilyrði sem miða að líkamlegri eyðingu
þeirra.

UMFANG ÁN FORDÆMIS

Grimmileg hernaðarsókn Ísraels
hefur drepið rúmlega 42 þúsund
Palestínubúa fram til dagsins 7. október
2024, þar á meðal rúmlega 13.300
börn, og sært rúmlega 97 þúsund. Eyði-
leggingin hefur aldrei verið meiri og
sérfræðingar segja að umfang hennar
og hraði séu ekki sambærileg neinum
öðrum átökum á 21. öldinni.

ÁSETNINGUR UM ÚTRÝMINGU

Amnesty International gerði heildræna
greiningu á framferði Ísraels á Gaza,
rýndi í yfirlýsingar ísraelskra embættis-
manna og heryfirvalda, sérstaklega
frá háttsettum aðilum, sem fela í sér
afmennskun og hvatningu til hópmorðs

og skoðaði þetta í samhengi við
aðskilnaðarstefnu Ísraels, ómannúðlega
herkvi á Gaza og ólöglegt hernám á
palestínsku svæði í 57 ár. Rannsóknin
leiddi í ljós að Ísrael hefur ítrekað
brugðist þeirri skyldu sinni að vernda
óbreytta borgara og brotið þar með fjöl-
mörg alþjóðalög sem ekki er hægt að
réttlæta út frá aðgerðum Hamas. Niður-
staðan var ótvíræð: ásetningur Ísraels er
að útrýma Palestínubúum á Gaza.

DRÁP OG ALVARLEGUR LÍKAMLEGUR OG ANDLEGUR SKAÐI

Amnesty International hefur skrásett
verknaði sem teljast til hópmorðs þar
sem Palestínubúar eru drepnir eða
þeim valdið alvarlegum andlegum og
líkamlegum skaða í þeim tilgangi að
útrýma þeim. Rannsóknir Amnesty gefa
til kynna mynstur þar sem ítrekað eru
gerðar beinar árássir á óbreytta borgara
og borgaralegar eignir eða handahófs-
kenndar árássir af ásettu ráði. Árásirnar
voru einnig gerðar þannig að þær
myndu að öllum líkindum valda miklu
mannfalli og skaða meðal óbreyttra
borgara.

AÐ SKAPA LÍFSSKILYRÐI SEM LEIÐA TIL LÍKAMLEGRAR EYÐINGAR

Ísrael hefur af ásetningi skapað lífs-
skilyrði fyrir Palestínubúa á Gaza sem
leiða með tímanum til útrýmingar þeirra.

Í fyrsta lagi er um að ræða skemmdir
eða eyðileggingu lífsnauðsynlegra inn-
viða, í öðru lagi víðtækar og yfirgríps-
miklar rýmingar að geðþótta þar sem
næstum allir íbúar Gaza eru neyddir til
brottlutninga og í þriðja lagi hindrun
á dreifingu nauðsynlegrar þjónustu,
mannúðaraðstoðar og annarra nauð-
synja inn á Gaza og innan svæðisins.
Ísrael hefur búið til aðstæður á Gaza
þar sem Palestínubúar eiga á hættu
að hljóta hægfare dauðdaga vegna
lífshættulegs samspils vannæringar,
hungurs og sjúkdóma. Þrátt fyrir
ítrekaðar viðvaranir og athugasemdir
mannréttinda- og mannúðarsamtaka
sem og alþjóðasamfélagsins hefur Ísrael
ekki gert neinar ráðstafanir til að bæta
mannúðarástandið á Gaza, eins og að
veita nægjanlegan aðgang að svæðinu,
létta á ströngum takmörkunum eða
greiða leiðina fyrir mannúðaraðstoð.

Þegar þetta er skrifað ríkir viðkvæmt
vopnahlé á Gaza sem gefur einhverja
von um framhaldið en ljóst er að
alþjóðasamfélagið og leiðtogar þessa
heims þurfa að grípa fastar inn í og sjá
til þess að gerendur verði dregnir til
ábyrgðar, því hópmorð má ekki líðast án
refsingar.

Lesið má skýrsluna með því að
smella HÉR.

MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA, AÐGERÐASTARF OG UNGLIÐAHREYFINGIN

MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Fræðsluárið 2024 heppnaðist vel og stóðu helst upp úr tvær ferðir á Austurland og Norðurland. Í febrúar hélt fræðslustjóri til Austurlands þar sem haldnir voru **14** fræðslufundir í níu skólum fyrir **478** einstaklinga á grunn- og framhaldsskólastigi, á Egilsstöðum, Eskifirði, í Fellabæ og Neskaupstað. Í apríl var ferðinni síðan heitið á Norðurland þar sem haldnir voru átta fundir í fimm grunnskólum og einum framhaldsskóla á Ólafsfirði, Akureyri, Grenivík, Reykjahlíð og Dalvík. Fræðslustjóri og ungliða- og aðgerðastjóri heimsóttu einnig skóla á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Alls var haldinn **31** fundur í grunnskólum fyrir **950** nemendur, **47** í framhaldsskólum fyrir **1.473** nemendur og þrjár fyrir **22** háskólanemendur. Þá var haldinn fræðslufundur fyrir starfsfólk TAKK sem sér um félagaoöflun fyrir okkur og þrjár fyrir Vinnuskólann.

Á árinu var gefið út nýtt fræðsluhefti á íslensku: **Réttindi útskýrð: Mannréttindi og vopnuð átök**. Annars vegar er fjallað almennt um vopnuð átök en hins vegar um stigvaxandi átök í Ísrael og Gaza. Heftið má nálgast á vefsíðu Íslandsdeildarinnar.

AÐGERÐASTARF

Árið 2024 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, SMS-aðgerðanet, Facebook, með þátttöku í **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** og í starfi ungliða-hreyfingar og aðgerðasinna.

Í lok árs 2024 voru félagar í netákalli **19.991** talsins og gripu þeir til aðgerða í **23** málum á árinu þar sem **36.281**

undirskrift safnaðist. Að auki voru fjórir tölvupóstar sendir út til þeirra um níu mál í herferðinni þitt nafn bjargar lífi þar sem fólk gat gripið til aðgerða.

Í SMS-aðgerðanetinu söfnuðust **13.440** undirskriftir fyrir **27** mál. Einnig var hægt að skrifa undir mál í gegnum Facebook og þar söfnuðust **6.124** undirskriftir fyrir **15** mál fyrir utan þitt nafn bjargar lífi.

Íslandsdeildin mótmælti frystingu á fjárstuðningi Íslands til Palestínufloţtamannaáðstoðar Sameinuðu þjóðanna sem sinnir mannúðarstarfi á Gaza. Deildin safnaði undirskriftum á vefsíðu málinu til stuðnings og boðaði til mótmæla 1. mars á Austurvelli. Síðar í mánuðinum tilkynntu stjórnvöld að þau myndu hefja greiðslur á ný.

UNGLIÐAHREYFINGIN

Árið 2024 voru haldnir átta opnir fundir, sem níu ungliðar sóttu að meðaltali. Einnig voru haldnar tvær mannréttindasmiðjur. Þá fyrri leiddi ungliða- og aðgerðastjóri í júní og var umfjöllunarefnið skoðanakúgun í Rússlandi. Ungliðar hittu rússneskan aðgerðasinna og skipulögðu og stóðu fyrir aðgerð. Í kjölfarið var safnað undirskriftum fyrir rússneska fjölmiðlakonu í haldi fyrir tjáningu og söfnuðust um **50** undirskriftir. Seinni smiðjan var í nóvember um hatusorðræðu með sérfræðingnum Michał Tecsza frá Póllandi, í samstarfi við grasrótahreyfinguna Internationally born.

Ungliðarnir stóðu fyrir aðgerðum og viðburðum yfir árið. Að kvöldi 1. mars voru samstöðutónleikar í tengslum við mótmælin fyrr um daginn vegna frystingar Íslands á fjárstuðningi til Palestínufloţtamannaáðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Söguboð var haldið í þriðja sinn á alþjóðadegi flóttafólks í júní, að þessu sinni á Loft hosteli. Ómissandi hluti aðgerðastarfsins ár hvert er þátttaka í Gleðigöngunni.

Fimm ungliðar deildarinnar sóttu í ágúst fund norræna ungliðaráðsins í Svíþjóð þar sem umfjöllunarefnið var mannréttindaneyðin á Gaza. Í kjölfarið stóð hópurinn fyrir tveimur aðgerðum hérlandis. Sú fyrri tengdist aðskilnaðarstefnu Ísraels en sú seinni hóp morði Ísraels á Palestínubúum.

Ungliðar sem skráðir eru í félagatali eru **44** talsins og Instagram-reikningur hreyfingarinnar er með **127** fylgjendur.



Söguboð á Loft hosteli. Leona Iguma deilir reynslu sinni.



Aðgerð á alþjóðlegum degi til stuðnings þolendum pyndinga, eftir mannréttindasmiðju um ritskoðun í Rússlandi.



Aðgerð vegna nýtkominnar skýrslu um hóp morð á Gaza.

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Í ár voru málin aðeins níu í okkar árlegu herferð Þitt nafn bjargar lífi vegna þess að úr einu málinu leystist áður en herferðin hófst af fullum þunga. Heildarfjöldi undirskrifa var **49.038**, sem eru örlítið færri undirskriftir en árið áður þrátt fyrir einu máli færra. Fjölgun varð um **9%** frá árinu 2023 ef miðað er við hvern einstakling á bak við undirskrift.

Flestar undirskriftir söfnuðust fyrir mál Manahel al-Otaibi frá Sádi-Arabíu sem var dæmd í 11 ára fangelsi fyrir að styðja við réttindi kvenna. Skýringin er sú að undirskriftum var safnað fyrir mál hennar fyrir mannréttindajóga á afmæli Íslandsdeildarinnar.

Undirskriftum var safnað á aðgerðakort, í SMS-aðgerðaneti, á Facebook og vefsíðu okkar. Vonarljós, netákallsfélagar og aðrir á pósthlista hjá okkur fengu sendan póst um að skrifa undir öll málin á vefsíðu okkar og á samfélagsmiðlum okkar var vakin athygli á málunum. Veggspjöld voru einnig hengd upp víða um bæ.

Nokkrir viðburðir voru haldnir fyrir Þitt nafn bjargar lífi 2024. Á Egilsstöðum, Kópaskeri og Akureyri stóðu öflugir einstaklingar og hópar fyrir undirskriftasöfnun á aðgerðakortum líkt og í fyrra. Bókasöfn víða um land tóku þátt í undirskriftasöfnun á kortum líkt og áður. Ungliðahreyfing Íslandsdeildarinnar og nemendur úr IB-námi í MH voru einnig með bás fyrir undirskriftasöfnun í Kringlunni 28. nóvember.

Í ár var sú nýjung að Íslandsdeildin fékk þann heiður að halda hina vinsælu spurningakeppni Drekktu betur sem haldin er vikulega á Östofunni. Keppnin okkar fór fram föstudaginn 29. nóvember með ýmsum spurningum sem tengdust herferðinni og mannréttindum auk annarra spurninga. Stemningin var góð og almenn ánægja með keppnina þetta kvöld.

Að lokum var viðburður fyrir frumsýningu heimildarmyndar Íslandsdeildarinnar þar sem fólki bauðst að skrifa stuðningskveðjur til fjögurra einstaklinga úr herferðinni. Þátttakan var góð og skrifaðar voru **66** stuðningskveðjur til að veita þolendum og aðstandendum styrk á erfiðum tímum.

Einnig má geta þess að við fengum ítarlega umfjöllun í hlaðvarpinu Draugum fortíðar. Þátturinn fór í loftið í byrjun desember og fjallaði alfarið um Amnesty International og herferðina. Umsjónarmenn þáttarins eru Flosi Þorgeirsson og Baldur Ragnarsson sem eiga þakkir skildar fyrir vel unninn þátt þar sem kafað var djúpt í hvert mál fyrir sig.

Íslandsdeildin stóð fyrir fræðslu í framhaldsskólum og grunnskólum líkt og fyrri ár þar sem boðið var upp á að skrifa undir málin á kort eða á vefsíðu okkar. Haldin voru **22** fræðsluerindi í framhaldsskólum fyrir **851** nemanda. Í heild söfnuðust **5.347** undirskriftir í framhaldsskólakeppni í tengslum við herferðina.

Háteigsskóli og Alþjóðaskólinn stóðu sig enn og aftur vel í að virkja grunnskólanema en í ár bættust einnig við Hóla-



Spyrlar voru Þórunn Pálína Sigurbjargardóttir og Anna Lúdvíksdóttir fyrir hönd deildarinnar á spurningakeppninni Drekktu betur.



Gestir skrifa stuðningskveðjur í Bíó Paradís í tengslum við Þitt nafn bjargar lífi.

brekkuskóli og Hvolsskóli sem fengu til sín fræðslu. Alls söfnuðust **1.670** undirskriftir í þessum fjórum skólum á aðgerðakort og bréf.

YFIRLÝSINGAR, FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

YFIRLÝSINGAR STJÓRNAR

Í febrúar sendi stjórn deildarinnar frá sér yfirlýsingu ásamt 23 öðrum aðilum og félagasamtökum um móttöku fólks frá Gaza. Tilfnið var að Ísland veitti um 100 einstaklingum sem enn voru á Gaza dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli laga um útlendinga og sameiningu fjölskyldna.

Fordæmalausar aðstæður ríktu á Gaza og því voru íslensk stjórnvöld hvött til þess að leggja allt kapp á að tryggja greiða leið fyrir þessa einstaklinga þaðan til fjölskyldna sinna á Íslandi. Þá voru stjórnvöld hvött til þess að taka til efnismeðferðar allar þær umsóknir palestínsks fólks sem þá lágu fyrir.

Í maí birti stjórn deildarinnar yfirlýsingu vegna brottvísana mansalspolenda. Þar fordæmdi deildin brottvísanir íslenskra stjórnvalda á umsækjendum um alþjóðlega vernd sem eru mansalspolendur. Deildin harmaði þá ómannúðlegu og vanvirðandi meðferð stjórnvalda á þeim viðkvæma og sérstaka hópi umsækjenda sem sviptur var frelsi sínu og þvingaður úr landi örfáum dögum áður.

Íslenskum stjórnvöldum er ekki heimilt að senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir eða er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Deildin áréttaði jafnframt mikilvægi þess að tekið væri sérstakt tillit til stöðu og þarfa kvenna og stúlkna við mat á umsóknum um alþjóðlega vernd á Íslandi. Kyn og kyngervi skiptir miklu máli þegar fjallað er um málefni flóttafólks en staða kvenna í neyð og á flóttu er sérstaklega viðkvæm þar sem þær standa frammi fyrir fjölþættri mismunun, svo sem kynbundinni mismunun og kynferðislegu ofbeldi.

YFIRLÝSINGAR UNGLIÐAHREYFINGARINNAR

Í júní tók ungliðahreyfingin undir sameiginlega yfirlýsingu tólf annarra ungliðahreyfinga hérlendis þar sem breytingar á útlendingalögum voru gagnrýndar. Þess var krafist að ný útlendingalög yrðu samin í samráði við sérfræðinga í mála-flokknum, mannréttindasamtök og hagsmunaaðila og að mannréttindi yrðu höfð að leiðarljósi.

Í kjölfar norræns fundar ungliðahreyfinganna í Svíþjóð birtu hreyfingarnar sameiginlega yfirlýsingu á Norðurlöndunum í nóvember. Krafist var þess að yfirvöld í hverju landi fyrir sig viðurkenndu að stjórnarfar Ísraels er aðskilnaðarstefna gegn Palestínubúum.

FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

Umfjöllun í fjölmiðlum um mannréttindi og baráttumál Amnesty International var minni en áður. Deildin skráði **188** birtingar í fjölmiðlum þar sem Amnesty International bar á góma en þær voru **287** árið áður, þá birtust **57** umfjallanir í tengslum við útgáfu skýrslu Amnesty International um einangrunarvist í gæsluvarðhaldi á Íslandi. Á árinu voru **13** umfjallanir sem tengdust afmæli og heimildarmynd Íslands-deildarinnar.

Í samfélaginu voru stríðsátök á Gaza í brennidepli og var þó nokkuð vitnað í Amnesty International í fréttum um átökin. Töluverð umfjöllun var fyrri hluta árs vegna áskorunar og mót-mæla deildarinnar vegna frystingar fjárstuðnings Íslands til Palestínuflokkamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna og í lok árs vegna skýrslu Amnesty International um hópamorð Ísraels á Gaza og birtust að minnsta kosti 20 umfjallanir í ýmsum fjölmiðlum um skýrsluna. Málefni flóttafólks voru áfram til umræðu í samfélaginu og birtust níu umfjallanir um yfirlýsingar því tengdar frá stjórn eða ungliðahreyfingu Íslands-deildarinnar á fyrri hluta árs 2024.

Deildin nýtir samfélagsmiðla nánast daglega til að miðla upplýsingum og náðum við til enn fleira fólks árið 2024 en árið áður. Árið 2024 sáu **380 þúsund** notendur efni frá okkur a.m.k. einu sinni yfir árið en **340 þúsund** árið áður.

Á Facebook var fjöldi fylgjenda **20.305** í lok árs 2024, sem var svipað og árið áður, en fylgjendum á Instagram fer enn fjölgandi. Þeir voru í lok árs **2.964** en **2.597** árið 2023 og **1.967** árið 2022.

Árið 2024 var byrjað á því að safna á póstlista einstaklingum sem hafa sýnt starfinu áhuga með einum eða öðrum hætti og samþykkt að það megi hafa samband. Póstlistinn er nýttur til að senda ýmsar fréttir af starfinu.



BRETLAND/BANDARÍKIN

Julian Assange var loks leystur úr haldi eftir að hafa setið fimm ár í hámarksöryggisfangelsi í Bretlandi. Assange náði dómsátt við bandarísk yfirvöld þar sem hann játaði á sig eitt brot og fékk 62 mánaða fangelsisdóm sem hann hafði þegar afplánað. Amnesty International barðist lengi fyrir máli hans.

ÞRÝSTINGUR Á STJÓRNVÖLD

Í ljósi úttektar tveggja nefnda Sameinuðu þjóðanna; mannréttindanefndar og nefndar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, kom Íslandsdeildin áhyggjum sínum um stöðu mannréttinda á Íslandi á framfæri. Mannréttinda-nefndin tók undir þrjú af þeim fjórum lykilatriðum sem Amnesty International vakti sérstaklega athygli á og lagði til við íslensk stjórnvöld að breytingar yrðu gerðar á útlendingalögum, beitingu einangrunarvistar og lagaákvæðum um eftirlit með aðgerðum lögreglu. Nefnd um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi lagði einnig til að breytingar yrðu gerðar á útlendingalöggjöfnni í samræmi við athugasemdir Amnesty.

ÍSLANDSDEILDIN ÞRÝSTI Á ÍSLENSK STJÓRNVÖLD OG:

- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að láta sig varða allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á Sádí-Arabíu.
- ▶ Innti heilbrigðisráðherra eftir upplýsingum er varða einangrunarvist fanga í gæsluvarðhaldi í samræmi við tilmæli Amnesty International.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að snúa við ákvörðun sinni um frystingu fjárhagsstuðnings við Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA), þrýsti á forsætisráðherra að ákvörðun um frystingu yrði snúid og að áform um nauðungarflutninga Palestínubúa á Gaza yrðu fordæmd.
- ▶ Kallaði eftir virkri þátttöku Íslands í óformlegum samningaviðræðum um réttindi eldra fólks á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Gagnrýndi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum er varðar afbrotavarnir, vopnaburð og eftirlit með lögreglu.
- ▶ Fagnaði þingsályktunartillögu um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að stuðla að eflingu réttarins til

hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis á fundi ráðherra-nefndar Evrópuráðsins.

- ▶ Kallaði eftir því að utanríkisráðherra hvetti ísraelsk yfirvöld til að verja tjáningar- og félagafrelsi Ísraelsdeildar Amnesty International.
- ▶ Fagnaði áformum um heildstæða stefnu í fullnustumálum og skoraði á verkefnastjórn Grænbókarinnar að kynna sér skýrslu Amnesty International um einangrunarvist og þau tilmæli sem þar voru sett fram.
- ▶ Skoraði á utanríkisráðherra að skrifa undir drög að sáttmála um forvarnir og refsingu fyrir glæpi gegn mannúð.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að beita sér fyrir stöðvun vopnaflutnings til Ísraels og tafarlausu vopnahléi á Gaza. Innti Fangelsismálastofnun eftir upplýsingum um barn í einangrunarvist, ítrekaði að börn skyldu aldrei sæta einangrun og krafðist þess af ákærusviði ríkislögreglustjóra að barnið yrði tafarlaust fært úr einangrun.
- ▶ Gagnrýndi drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga er varðar undanþágu vegna aðkallandi umönnunarsjónarmiða annars vegar og hins vegar undanþáguskilyrða um inngildingu handhafa dvalarleyfa.
- ▶ Studdi tillögu til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda og lagði til að hugmyndafræði Bakhjarla flóttafólks yrði hluti af stefnunni og í framkvæmdaáætlun.
- ▶ Studdi frumvarp um afnám þjónustusviptingar í útlendingalögum.
- ▶ Studdi frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks.
- ▶ Studdi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum er varðar samfélagsþjónustu ungra brotamanna.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að styðja við bókun við Mannréttindasáttmála Evrópu og stofnun Reykjavíkurnefndar á fundi stýrnfundar Evrópuráðsins í mannréttindamálum.



KIRGISTAN

Rita Karasartova frá Kirgistan var handtekin árið 2022 ásamt hópi einstaklinga fyrir að kalla eftir mótmælum. Hún og hópurinn voru loks sýknuð í júní 2024. Mál hennar var eitt af málum Þitt nafn bjargar lífi 2024. „**Ykkar skjótu aðgerðir, öll bréfin, áköllin, undirskriftirnar og sá gríðarlegi fjöldi bréfa sem fóru til dómstólsins og á skrifstofu saksóknara, allt þetta var mjög áhrifaríkt.**“




ANGÓLA

Forseti Angóla tilkynnti á jóladag náðun Neth Nahara og fjögurra annarra gagnrýnenda stjórnvalda. Neth Nahara er TikTok-stjarna sem gagnrýndi forsetann opinskátt á TikTok í ágúst 2023. Mál hennar var eitt málanna í árlegri og alþjóðlegri herferð okkar, Þitt nafn bjargar lífi, í lok árs 2024. Neth Nahara var leyst úr haldi á nýársdag eftir 16 mánaða fangelsisvist.

FJÁRÖFLUN


VONARLJÓS

Við höldum áfram að úthýsa símhringiverkefni og rekstri Vonarljósá hjá fyrirtækinu Takk. Samstarfið gekk vel í ár; **927** Vonarljós bættust í hópinn á árinu í gegnum símhringiverkefni og **305** í götukynningum. Að auki bættust **87** Vonarljós við í gegnum vefsíðu miðað við **31** árið 2023. Samtals bættust **1.319** ný Vonarljós í hópinn á árinu. Til samanburðar var heildarfjöldi nýrra Vonarljósá árið áður **1.072**. Meðalframlag nýrra Vonarljósá heldur áfram að hækka og er nú um **2.201** kr. en var **2.068** kr. árið áður. Tekjur á ársgrundvelli frá nýjum Vonarljósum eru þá um **27,5 milljónir** en voru **20 milljónir** árið áður ef miðað er við **10% brottfall** og **94% innheimtuhlutfall**.



STAKIR STYRKIR

Samhliða úthringiverkefnum á vegum Takk fór deildin í nokkur verkefni með fyrirtækinu Símsstöðinni eins og fyrri ár en Símsstöðin safnar einungis



stökum styrkjum fyrir deildina. Í ár söfnuðust um **6,5 milljónir** í tekjur en kostnaður við fjáröflunina var um **3,2 milljónir**. Tekjur árið áður á vegum Símsstöðvarinnar voru um **9 milljónir** og kostnaður **4,5 milljónir**.

Greiddir almennir stakir styrkir af vefsíðu okkar námu **660.400 kr.** á árinu en voru **688.500 kr.** árið áður.

SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr SMS-aðgerðanetinu voru **48,7 milljónir** miðað við **38,6 milljónir** árið áður en 1. mars 2024 hækkaði hvert SMS úr **199 kr.** í **299 kr.** og heildarstyrkur SMS-félaga á mánuði varð **897 kr.** Gjaldskráin hafði ekki hækkað síðan 2018 en hækkunin þá var úr **99 kr.** í **199 kr.**

BLIKK

Íslandsdeildin gerði samning við fyrirtækið Blikk um nýja greiðslulausn sem byggist á millifærslum í rauntíma. Með greiðslulausn sem fer beint af einum reikningi inn á annan kemst greiðslan til skila á öruggan og fljótlegan máta án þess að nota milliliði eins og kortakerfi. Allar millifærslur eru gjaldfrjálsar fyrir notendur. Íslandsdeildin greiðir enga

VÖRUSALA



þóknun til Blikk og því rennur styrkur í gegnum fyrirtækið óskertur í mannréttindastarfið.

VÖRUSALA

Íslandsdeildin seldi vörur til styrktarstarfinu fyrir rétt rúmlega **7 milljónir** á árinu miðað við **5,6 milljónir** árið áður. Haldið var upp á komu FYRIR AMNESTY-sokkana til landsins í versluninni Andrá í Reykjavík. Hönnunarteymið Flétta, þær Birta Rós Brynjólfssdóttir og Hrefna Sigurðardóttir, hannaði sokkana í ár og voru þeir framleiddir í Portugal líkt og áður. Í ár gekk sokkasalan vonum framar og hefur aldrei verið betri; seld voru um **2.000 pör** og heildartekjur námu um **6,4 milljónum** en höfðu verið **5,2 milljónir** árið áður. Heildarkostnaður við sokkasöluna og auglýsingar var um **1,7 milljónir** en **1,6 milljónir** árið áður.

Á vefsíðunni voru auk sokkana seld jólakort fyrri ára, myndavélahlur, nælur, merkimiðar, bækur, litabækur og tau-töskur. Heildartekjur af sölu á vefsíðunni námu um **1,41 milljón** miðað við **1,35 milljónir** árið áður. Einnig voru seld jólakort fyrri ára í Pennanum-Eymundsson fyrir **130 þúsund krónur**.

HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

Vonarljós mánaðarleg	145.349.836
Vonarljós árleg	1.609.500
SMS	48.679.243
Stakir styrkir	7.717.389
Söluvarningur	7.055.475
Vaxtatekjur	16.978.434
Samtals	227.389.877

ÚTGJÖLD

Fjáröflunarkostnaður	61.637.566
Mannréttindastarf	44.178.759
Framlag til alþjóðastarfs	32.533.071
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	60.974.882
Húsnæðiskostnaður	1.925.346
Afskriftir og fjármagnsgjöld	10.382.126
Samtals	211.631.750

Stuðningsaðgerð í afmælisveislu deildarinnar í Iðnó.



MYNDIR ÚR STARFINU

Sokkpartí í Andrá.



Háteigsskóli fær mannréttindaviðurkenningu.



Stjórn deildarinnar 2024–2025.



Ungliðar í Gleðigöngunni.



Mótmæli vegna frystingar fjárstuðnings til UNRWA.



Bartónar taka lagið í afmælisveislunni.



Afmælikakan.



Masha og Diana úr Pussy Riot ásamt formanni og framkvæmdastjóra deildarinnar.



Cynthia A. Namugambe ungliði fordæmir hópmorð Ísraels.



Anna Lúdvíksdóttir framkvæmdastjóri í viðtali á RÚV vegna skýrslu um hópmorð.



TAKTU ÞÁTT

Í STARFI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL



VONARLIÓS

Besta leiðin til að styrkja starfið er að gerast Vonarljós. Greitt er mánaðarlega.



STAKUR STYRKUR

Með gjöf þinni styður þú við mannréttinda-baráttu Amnesty International.



SMS-ÁKALL

Þú færð send 3 áköll á mánuði greiðir 299 kr. fyrir hvert SMS móttökið. Þú skrifar undir með að svara.



NETÁKALL

Vertu með í netákallinu og þú færð tölvupóst um alvarleg mannréttindabrot sem krefjast tafarlausra viðbragða.



VEFVERSLUN

Með vörukaupum úr Amnesty-búðinni styrkir þú allt mannréttindastarf Íslandsdeildarinnar.



AÐGERÐASTARF

Þú getur tekið þátt í skipulagningu aðgerða og viðburða, gerst Amnesty fræðari eða skráð þig í ungliðahreyfinguna.

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og drifið áfram af einstaklingum eins og þér!